

Nd. **538. Frumvarp til laga** [91. mál]

um skipamælingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Skipaskoðunarstjóri fer með þau mál, er í lögum þessum greinir, undir yfir-stjórn ráðherra.

2. gr.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn eftir þörfum til þess að vinna störf lögum þessum samkvæmt. Skilyrði til löggildingar eru þessi:

1. Óflekkaðmannorð.
2. Lögræði.

3. Fjárforræði.

4. Þekking á reglum þeim, er um skipamælingar gilda, og nauðsynleg leikni í notkun þeirra. Ráðherra getur sett reglur um prófraun skipamælingamanna eftir tillögum skipaskoðunarstjóra.

Áður en skipamælingamaður tekur til starfa, skal hann rita undir heit, þar sem hann leggur við drengskap sinn og heiður, að hann skuli rækja starfann með trú-mennsku og samvirkusemi.

3. gr.

Ráðherra getur skipt landinu í skipamælingaumdæmi eftir tillögum skipaskoð-unarstjóra, enda sé í hverju umdæmi kostur eins eða fleiri löggiltira skipamælingamanna. Skipaskoðunarstjóra er þó rétt að láta löggiltan mælingamann framkvæma mælingar utan umdænis síns, hvenær sem ástæða þykir til.

4. gr.

Skip í lögum þessum tekur til hvers fljótandi fars, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er eða skrá skal hér á landi.

Skip skal mæla samkvæmt „Alþjóðareglum um mælingar skipa“ („International Regulations for Tonnage Measurement of Ships“), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi undirrituðum í Oslo 10. júní 1947.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Gjald fyrir mælingu á skipi sé miðað við brúttorúmlestatalölu þess og samkvæmt mælingu, gerðri eftir ákvæðum 4. gr.

6. gr.

Nú er skip byggt á landi hér, og skal þá skipasmiður eða fyrirsvarsmaður hans senda mælingamanni í umdæminu (í Reykjavík skipaskoðunarstjóra) skriflega tilkynningu um skipsmið með uppdráttum af skipi og einstökum hlutum þess og þeim öðrum gögnum, er skipaskoðunarstjóri getur ákvæðið, svo tímanlega, að mæla megi jafnskjótt sem þilfar er lagt og innanþorðsþiljur hafa verið settar. Vistarverur og önnur hýsi ofan þilfars skal mæla svo fljótt sem unnt er, áður en mælibréf er útgefið.

7. gr.

Nú er skipi breytt þannig, að rúmlestatal breytist, og er þá skyld að tilkynna það samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á, enda skal þá, þegar er unnt er, ný mæling fara fram, að því leyti sem hún er nauðsynleg til ákvörðunar rúmlestatali skips. Síðan skal gefa út nýtt mælibréf, ef breyting hefur orðið á rúmlestatali.

Skila skal jafnan mælibréfi, er nýtt er gefið út.

8. gr.

Nú verða breytingar á stærð þeirra rúma, sem eru undanþegin mælingu eða dregin eru frá, þegar rúmtak er reiknað, eða breyting er gerð á notkun slíkra rúma, og ber skipstjóra eða eiganda að tilkynna það samkvæmt 6. gr. Skal þá mæla skip af nýju, að því leyti sem það er nauðsynlegt til ákvörðunar lestatala þess, og nýtt mælibréf gefið út eða tilgreint á fyrra mælibréfi, hvað breyzt hafi, ef stærðin er hin sama og áður á alla vegu.

9. gr.

Nú er skipt um nafn á skipi, og skal þá mæla skip af nýju, áður en nýtt mælibréf er gefið út, nema sannað sé, að engin sú breyting hafi verið gerð á skipi, er máli skipti um rúmlestatal þess eða greinargerð í mælibréfi varðandi það.

10. gr.

Samkvæmt ósk eiganda skips eða skipstjóra skal mæla skip af nýju, nema skipaskoðunarstjóri telji slika mælingu algerlega ástæðulausa.

Nú er skip mælt upp, og fer þá um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri getur, hvenær sem honum þykir ástæða til, látið mæla skip. Nú kemur það fram, að breytingar, er í þessu efni skipta máli, hafa orðið á skipi, síðan það var mælt, og ekki hefur verið sagt til þeirra, og skal mæling þá fara fram á kostnað eiganda skips. Annars kostar fer mæling fram á kostnað ríkissjóðs. Ef breytingar samkvæmt framanskráðu hafa orðið, fer um útgáfu mælibréfs eftir 9. gr.

12. gr.

Nú er skip smiðað hér, eða því er breytt, fyrir erlendan aðila, og má þá mæla það hér og gefa út mælibréf. Svo má og mæla hér hvert erlent skip eftir beiðni hlut-aðeigandi ríkisstjórnar og gefa út mælibréf, enda sé henni þegar sent eftirrit af því ásamt mælingarskýrslum.

Skip erlendra aðila skal eigi mæla, er þau koma hingað, ef þau eru úr ríki, sem bundið er við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 og mæld hafa verið samkvæmt Genfarsamþykkt 30. júní 1939. Sama er um skip úr öðru ríki, ef Ísland er samningi bundið um viðurkenningu mælibréfa, sem þar hafa verið gefin út. En rétt er þó að líta eftir því, skipi að kostnaðarlausu, að nettórúmlestatal það, sem merkt er á skipi, svari til þeirrar nettórúmlestata, sem mælibréf greinir, og að skipi hafi ekki verið breytt svo að máli skipti í þessu sambandi, eftir útgáfu mælibréfs. Nú verður það leitt í ljós, að öðruvísi er háttáð að þessu leyti en í mælibréfi segir, og skal þá tafarlaust skyra skipamælingayfirvöldum þess ríkis frá því.

13. gr.

Nú verða eigendaskipti að skipi, og það skal skrá í öðru ríki, og skal þá senda mælingayfirvöldum þess ríkis eftirrit af mælibréfi, ef það ríki er bundið við Oslóarsamninginn 10. júní 1947 eða samningar standa annars til þess, ásamt mælingarskýrslum.

14. gr.

Nú er skip smiðað erlendis fyrir íslenzkan aðila eða því breytt, sbr. 7. gr., eða íslenzkur aðili verður eigandi erlends skips, og ber þá að mæla það hér áður en mælibréf er gefið, nema það ríki, sem mælt hefur skipið og gefið því mælibréf, sé í Oslóarsamningnum frá 10. júní 1947. Skal þá íslenzka mælibréfið gefið út samkvæmt því, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi til þess að mæla skipið upp af nýju.

15. gr.

Skip, sem mæld hafa verið samkvæmt reglum Genfarsamþykktar 30. júní 1939, sbr. Oslóarsamninginn 10. júní 1947, skulu fá svonefnt „alþjóðlegt mælibréf samkvæmt Oslóarsamningi 10. júní 1947“ („International Tonnage Certificate in accordance with Convention of June tenth 1947“), og skal gefa þau út bæði á íslenzku og ensku.

Sama rétt sem alþjóðlegt mælibréf veitir mælibréf, sem grundvallað er á hinni svonefndu „ensku aðferð“, og gefið er út í því landi, sem skip á heima í, áður en Oslóarsamningurinn kom til framkvæmdar, enda sé það land aðili að þeim samningi.

Gerð og efni mælibréfa skal vera samkvæmt fyrirmynnd, sem fylgir Oslóarsamningnum, 5. gr. hans.

16. gr.

Skipasmið, eiganda og skipstjóra er skylt að liðsinna skipamælingamönnum og léttu þeim starf þeirra og ryðja úr veki öllu, er tálma kann því, eftir föngum.

17. gr.

Gjöld í ríkissjóð fyrir allar mælingar skipa samkvæmt lögum þessum, dagpenninga og ferðakostnað mælingamanna ábyrgist eigandi skips og skipstjóri, ef hann skal beiðast mælingar. Ráðherra setur eftir tillögum skipaskoðunarstjóra gjaldskrá um mælingagjald og dagpenninga og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga mælingamanna, ef þörf gerist. Gjöld, dagpenningar og ferðakostnaður eru tryggð með lögveði í skipi með sama hætti sem hafnsögumannskaup.

18. gr.

Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem þeim á hendur eru mæltar í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

19. gr.

Skip, sem mæld hafa verið eftir hinni svonefndu ensku aðferð áður en lög þessi ganga í gildi, þarf eigi að mæla á ný, að öllu óbreyttu, er máli skiptir um rúmlestötlu þeirra, og njóta þau þá þeirra réttinda, sem alþjóðleg mælibréf veita, sbr. 15. gr. Önnur skip þarf að mæla upp og gefa síðan þeim til handa alþjóðlegt mælibréf.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er úr lögum numin tilskipun frá 25. júní 1869 um skipamælingar, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við þessi lög.